

## REGLUGERÐ

**um sérstaka úthlutun skv. 1. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990,  
til skel- og rækjubáta.**

### 1. gr.

Vegna skerðinga, sem urðu á leyfilegum heildarafla í innfjarðarækju í Ísafjarðardjúpi, Húnaflóa, Skagafirði, Skjálfaflóa, Axarfirði, Eldeyjarsvæði og Norðurfjörðum Breiðafjarðar á fiskveiðiarinu 2003/2004, skal á fiskveiðiarinu 2004/2005 úthluta aflamarki sem nemur samtals 1949 þorskígildislestum til báta, sem hafa hlutdeild í innfjarðarækju á áðurgreindum svæðum.

Við útreikning uppbóta er miðað við, að skerðingin, verði ekki meiri en 30% frá meðal-afla rækjuvertíðanna 1993/1994 – 2002/2003, að frádregnum afla fiskveiðisins 2003/2004. Verðmætastuðullinn fyrir rækju er 0,52, miðað við þorskígildi, og koma 634 lestir í hlut báta við Ísafjarðardjúp, 367 lestir í hlut báta við Húnaflóa, 253 lestir í hlut báta við Skagafjörð, 165 lestir í hlut báta við Skjálfaflóa, 334 lestir í hlut báta við Axarfjörð, 177 lestir í hlut báta á Eldeyjarsvæði og 19 lestir í hlut báts í Norðurfjörðum Breiðafjarðar.

### 2. gr.

Vegna skerðinga, sem verða í hörpudisksveiðum í Ísafjarðardjúpi, Húnaflóa, Breiðafirði og Hvalfirði skal á fiskveiðiarinu 2004/2005 úthluta aflamarki sem samtals nemur 1635 þorskígildistonnum til báta, sem aflahlutdeild hafa í hörpudiski á áðurgreindum svæðum.

Við útreikning uppbóta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalaflla árána 1995 til 2004. Verðmætastuðullinn fyrir hörpudisk er 0,32, miðað við þorskígildi, og koma 72 lestir í hlut báta við Húnaflóa, 1486 lestir í hlut báta við Breiðafjörð og 27 lestir í hlut báta við Hvalfjörð. Þá skal úthluta 50 þorskígildilestum til báta, sem aflahlutdeild hafa í hörpudiski í Ísafjarðardjúpi.

### 3. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeildar, sem þeir hafa í rækju og skel á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún er 1. ágúst 2004. Uppbæturnar skulu skiptast á eftirgreindar tegundir: þorsk, ýsu, ufsa og steinbít í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í þessum tegundum.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, sbr. 2. gr. laga nr. 147, 20. desember 2003, til að öðlast þegar gildi og komi til framkvæmda 1. september 2004.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. ágúst 2004.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*